



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 22. maí 2013

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn að Sunnubraut 7, 22. maí 2013.

1. Rætt um reiðnámskeið fyrir Nesodda, verið er að vinna í því hjá fræðslunefnd. Fræðslunefnd er með hugmynd um að láta prenta lógó á boli og buff fyrir fjórðungsmót.
2. Varðandi reiðvöllinn, þarf að bæta við efni ofaná hann, ca 5-8 cm lag, hægt er að nota efni úr malargryfjunni í Haukadall, malað óþvegið efni. Efnið er í eigu Vegagerðarinnar. Einnig bæta við efni á púðana v dómarastræða og setja reiðveg frá dómpalli í enda á beinu brautinni. Heildarkostnaður áætlaður 200-300 þúsund. Samþykkt að ráðast í endurbætur og lagfæringar á reiðvelli. Einnig þarf að snúa dómpalli, þarf helst að gera fyrir Nesoddamót, allavega fyrir bikarmót Vesturlands í ágúst.
3. Athuga að sækja um styrk til Dalabyggðar vegna unglinga og æskulýðsstarfs.
4. Tiltektardagur og sláttur í áhorfendabrekku fyrir mót. Rætt um gróðursetningu trjáa við mótsvæði og hesthúshverfi.
5. Nesoddi ehf áætla að hafa dagskrá í reiðhöll á laugardagskvöldi á móti.
6. Fjármál Nesodda ehf. ar hefur verið fundað og er verið að gera módel af starfsemi til að geta greitt af bankaláni hraðar. Stjórn Nesodda ehf ákvað að ræða við stjórnir Glaðs og Hrossaræktarsambands Dalamanna til að athuga að fá meiri pening þaðan til að greiða niður lánið, einnig áætlun að fá fjármagn annarstaðar til að greiða banka og greiða þeim aðilum til baka á betri kjörum en bankalánið er, áætlað að taki 3-5 ár að ná því markmiði. Spurning hvort Glaður geti sett pening inn í Nesodda ehf sem styrk. Ef þessi markmið nást væri líka betri samningsstaða gagnvart bankanum. Stjórn Glaðs samþykkir eftirfarandi viljayfirlýsingu: Glaður mun leggja til kr. 600.000 til Nesodda ehf. með fyrirvara um að samningar náist um uppgreiðslu lánasamnings við Arion banka hf. og að stjórn samþykki þann samning. Hagur allra félaganna sem eiga í Nesodda ehf að gera veg reiðhallar sem bestan og hægt verði að klára húsið í nánustu framtíð.
7. Rætt um frárennismál í hesthúshverfi, leiða á í eina rotþró fyrir öll húsin, hugsanlega gerist það í sumar.
8. Skemmtinefnd Glaðs mun sjá um dagskrá 17. júní, sveitarfélagið óskaði eftir því. Skemmtinefnd athuga hvort setja ætti ákveðinn tíma á skemmtikvöld t.d í nóvember og eða mars.
9. Undirbúningur fjórðungsmóts gengur vel, félagið skráir sína keppendur eftir félagsmót sem er um leið úrtökumót, lokaskráning 15. júní.
10. Rætt um að þegar fréttabréf fari út frá Glað að senda formönnum allra nefnda tilkynningu um það ef nefndirnar vilja koma einhverju á framfæri.

11. Spáð í hvort góð hugmynd væri að breyta fyrirkomulagi á stigakeppni þannig að liðin tækju við verðlaunum sem heild á móti?

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari